

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Niðurskógur, Húsafelli, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkti þann 12. janúar 2017 breytingu á deiliskipulagi við Niðurskóg, Húsafelli. Breytingin tekur til 3,1 ha spildu austast á skipulagssvæðinu og felur í sér fjölgun byggingarreita um tvo við Brekkuskóg og tilfærslu byggingarreita við Norðurskóga.

Deiliskipulagsbreyting hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hvítárskógur 12, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkti þann 12. janúar 2017 breytingu á deiliskipulagi við Niðurskóg, Húsafelli. Breytingin felur meðal annars í sér breytingu á byggingarreit lóðarinnar Hvítárskógur 12, ásamt breytingu á byggingarskilmálum er varðar leyfilega hámarksstærð frístundahúss og geymsluhúss. Mænis- og vegg hæðir breytast ekki.

Deiliskipulagsbreyting hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 14. febrúar 2017.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.